

Fimmtudaginn 10. febrúar 1994.

Nr. 360/1993.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

H

(Jóhann Þórðarson hrl.)

Brenna. Eignaspjöll. Lögreglurannsókn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að kröfu ákærða og einnig af ákærvaldsins hálfu með stefnu 11. ágúst 1993. Ákærði krefst sýknu, en af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar á sakfellingingu og þyngingar á refsingu.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðar upplýsingar um menntun og starfsreynslu Bjarna J. Bogasonar rannsóknarlögreglumanns til að rannsaka bruna.

Málavextir eru raktir í héraðsdómi.

Ákærði hefur staðfastlega neitað að hafa kveikt í íbúðarhúsinu að N í V 15. desember 1992. Frásögn hans af atburðum hefur verið stöðug. Sakfelling héraðsdóms er byggð á vettvangsrannsókn Bjarna J. Bogasonar og Gylfa Gylfasonar rannsóknarlögreglumanna 17. desember 1992 og athugun Sigmundar Þórissonar rafmagnseftirlitsmanns á raflögnum og rafbúnaði á bænum N 18. desember. Í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglunnar segir Sigmundur, að við athugun sína hafi ekkert komið í ljós, er bent gæti til bruna út frá rafmagni. Hann hefur staðfest skýrslu sína fyrir dómi og kvaðst þá þeirrar skoðunar að eldsupptök yrðu ekki rakin til rafmagns. Hann vildi ekki fullyrða, að um íkveikju væri að ræða. Hann taldi eldsupptökin hafa verið við kommóðu í forstofu, þar sem bruninn hefði verið mestur þar.

Lögreglumennirnir segja í skýrslu sinni, að rannsókn þeirra hafi leitt í ljós, að upptök eldsins hefðu verið á tveimur stöðum, annars vegar í eða við kommóðu, sem staðið hafi við norðurvegg forstof-

unnar milli dyra inn í eldhús og inn á bað, en hins vegar í skáp undir vaskinum í eldhúsi. Telja þeir engin tengsl milli þessara tveggja eldsupptaka og engar líkur á því, að eldurinn hafi af sjálfsdáðum færst þar á milli. Útiloka þeir, að um sjálfsíkveikju hafi verið að ræða eða að kviknað hafi í út frá rafmagni. Þar sem eldurinn hefði þannig komið upp á tveimur stöðum, fullyrða þeir, að kviknað hafi í af mannavöldum. Þeir gerðu myndband á vettvangi og létu ákærða lýsa atburðarásinni frá hans sjónarhóli. Þar kemur ekki fram, hvort ákærði var yfirheyrður sem vitni eða grunaður eða hvort annarra ákvæða laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála varðandi yfirheyrslur lögreglu hafi verið gætt. Bjarni J. Bogason rannsóknarlögreglumaður hefur ekki komið fyrir dóm til skýrslugjafar, en hann er sá lögreglumannanna, sem hefur þekkingu og reynslu af rannsókn á brunavettvangi. Gylfi Gylfason rannsóknarlögreglumaður staðfesti skýrslu þeirra lögreglumanna fyrir dómi. Hann kvaðst ekki geta svarað því, hvernig eldurinn gat kraumað klukkutímum saman, en taldi ástæðuna hugsanlega vera þá, að ákærði hefði reynt að slökkva eldinn, svo sem hann hefur borið. Hann gat ekki gefið skýringu á því, hvaðan brunaleifar framan við vaskinn væru komnar, en taldi hugsanlegt, að þær hefðu fallið niður úr loftinu, en loftið milli forstofu og eldhúss brann burt. Hann kvaðst ekki hafa kannað sérstaklega, hvernig þéttingar voru í kringum frárennslisrör undir vaski í eldhúsi. Fyrir héraðsdómi voru ekki frekar kannaðar þær skýringar, er verjandi ákærða taldi geta verið á því, að eldur barst í eldhússskáp. Af myndum og myndbandsupptöku að dæma verður ekki útilokað, að eldurinn hafi getað borist í eldhússskáp úr loftinu. Ekki var haft samráð við sérfræðinga Brunamálastofnunar við rannsókn brunans, eins og boðið er í 1. mgr. 22. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál. Sakfelling héraðsdóms er því í raun eingöngu byggð á mati eins lögreglumanns, sem sérfróður er um rannsóknir á eldsupptökum. Sá sérfræðingur kom ekki fyrir dóm til skýrslugjafar.

S, nágrenni ákærða, sem fór ásamt honum á vettvang, eftir að ákærði taldi sig hafa slökkt eldinn, kvaðst fyrir dómi trúu á sakleysi hans. Í skýrslu hjá lögreglu kvaðst hann ekki hafa orðið var við neitt, sem benti til, að ákærði hefði borið eld að húsinu. Eigur þær, er ákærði átti að N, voru óvátryggðar, og ekki hafði hann bjargað þeim út, er aðrir komu á vettvang. Hugleiðingar lögreglu á Blöndu-

ósi um, hvað ákærða hefði getað gengið til með íkveikju, eru órann-sakaðar og engum gögnum studdar.

Af framangreindu leiðir, að ákærvaldinu hefur ekki tekist sönnun þess, að um íkveikju hafi verið að ræða. Ber því samkvæmt 45. gr. laga nr. 19/1991 að sýkna ákærða af kröfum þess.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjunarkostnaður sakarinnar lagður á ríkissjóð, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Ákærði, H, skal sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóhanns Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Garðars Gíslasonar og Ingibjargar Benediktsdóttur

Samkvæmt upplýsingum þeim, sem lagðar hafa verið fram í réttinum um menntun og starfsreynslu Bjarna J. Bogasonar rannsóknarlögreglumanns, er ljóst, að hann hefur aflað sér víðtækrar þekkingar á rannsóknum, er lúta að brunamálum. Gylfi Gylfason rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóm og staðfesti vettvangsrannsókn þeirra lögreglumannanna, en samkvæmt henni voru eldsupptök á tveimur stöðum í húsinu. Telja þeir, að engin tengsl hafi verið milli þessara tveggja eldsupptaka og engar líkur á því, að eldurinn hafi færst þar á milli. Þeir fullyrða, að um íkveikju hafi verið að ræða.

Frásögn ákærða er um margt ótrúverðug, einkum varðandi tilraunir hans til að ráða niðurlögum eldsins og þann tíma, sem leið áður en hann leitaði aðstoðar á K 2. Hann kvaðst ekki hafa reynt að komast í síma, sem var í svefnherbergi, þar sem hann taldi það hættuspil. Allt að einu fór hann upp á loftið eftir eldsupptök til að kanna, hvort þar væri eldur, þrátt fyrir það að þá væri plötuklæðning í loftinu farin að sligast niður. Ákærði settist upp í bifreið sína,

sem stóð fyrir utan húsið, eftir að hann varð eldsins var. Í framsæti bifreiðarinnar var lítið slökkvitæki, en innsigli þess var órofið. Ákærði kvaðst hafa haldið, að sér hefði tekist að ráða niðurlögum eldsins, áður en hann fór að K 2. Er ljóst, að hann gekk ekki úr skugga um þetta, svo sem eðlilegt hefði verið. Með vísan til þessa og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykja fram komnar yfirgnæfandi líkur á, að ákærði hafi gerst sekur um það brot, sem hann er sakfelldur fyrir í héraðsdómi, og ber að staðfesta hann. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 3. ágúst 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 3. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Norðurlands vestra, sem háð er í Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur af Hirti O. Aðalsteinssyni, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-263/1993: Ákærvaldið gegn H, sem tekið var til dóms þann 9. júlí sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 22. mars sl. gegn ákærða H, N, V. A.-Húnavatnssýslu, fæddum [...] 1949, „fyrir brennu eða stórfelld eignaspjöll með því að hafa þriðjudaginn 15. desember 1992 lagt eld að tveimur stöðum á jarðhæð íbúðarhússins á bænum N, í skáp undir eldhússvaski og í forstofu, í eða við kómóðu við vegginn milli eldhúss og baðs. Þykir ákærði með framangreindum hætti hafa valdið eldsvoða, sem hafði í för með sér almannahættu og olli verulegu eignatjóni, en eldurinn var slökktur af brunavörnum A.-Húnavatnssýslu.

Telst þetta varða við 164. gr., en til vara við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Málavextir.

Þriðjudaginn 15. desember 1992 kl. 21.15 barst lögreglunni á Blönduósi tilkynning um að eldur væri laus í íbúðarhúsi á bænum N í V. Kom tilkynningin frá Sigurði Þorbjörnssyni, Kornsa, og var ábúandi að N, ákærði í máli þessu, sagður staddur hjá honum. Veður þennan dag var mjög slæmt og hafði verið svo undanfarna daga, stormur og stórhrið. Gekk lögreglu og slökkviliði því erfiðlega að komast á vettvang vegna ófærðar og hófst slökkvistarfi ekki fyrr en kl. 01.02. Gekk greiðlega að slökkva eldinn, og lauk skökkvistarfi að fullu kl. 03.00 um nóttina.

Rannsóknarlögreglumenn voru kvaddir á vettvang og unnu þeir að rannsókn málsins þann 17. og 18. desember sl. Einnig komu á vettvang Sigmundur Þórisson frá Rafmagnseftirliti ríkisins, Akureyri, og Guðjón Ragnarsson frá Rafmagnsveitum ríkisins, Blönduósi.

Í skýrslu rannsóknara er aðstæðum á vettvangi lýst. Segir í skýrslunni, að umrætt íbúðarhús standi eitt og sér við V.veg í vestanverðum V. Eru hesthús og hlaða um 200 metra sunnan við íbúðarhúsið og um það bil 500 metrar í næsta býli, Kornsó I. Húsið er steinsteypt, ein hæð og ris og 79 m² að grunnflatarmáli. Það er með bárujárnsþak og veggir viðarklæddir. Gaflar hússins snúa mót norðri og suðri. Einar dyr eru á húsinu og snúa móti vestri. Þegar gengið er inn er komið inn í forstofu. Til vinstri er eldhús, inn af því geymsla. Austar er gengið inn á baðherbergi. Beint á móti aðaldyrum er herbergi. Innst til hægri er svefnherbergi, við hliðina á því er stofa. Hægra megin við aðaldyr er tréstiigi upp á loft. Risinu er skipt í tvennt, annars vegar geymsluloft í norðurhluta en tvö herbergi í suðurhluta. Beint upp af stiganum er geymsluherbergi. Steyptir innveggir eru í forstofunni og milli eldhúss og baðs. Gólfíð er steypt en loftið úr tré. Loftið var einangrað með heyi og sementspokum. Í norðurhluta rissins var þakið óeinangrað en steinullarmottur höfðu verið lagðar á gólfíð. Í norðurhluta rissins er rafmagnstafla hússins. Loftið í forstofunni var klætt með asbestplötum og höfðu þær verið klæddar spónaplötum að hluta. Veggir voru klæddir með svonefndum filmuplötum, krossviðarplötum. Í forstofunni var stóll undir símanum og fatahengi, símatengill tengdur snúru og símtæki, milli svefnherbergisdýra og stofudýra, við vegginn milli eldhúss og baðs var kommóða. Í eldhúsinu eru tveir ísskápar, eldhússborð, stólar og eldhússinnrétt-ing.

Í skýrslu rannsóknara er þróun brunans lýst og segir þar að í eldhúsi hafi eldurinn takmarkast við eldhússkápinum undir vaskinum. Hluti af eldhússlóftinu, suðurhluti, næst forstofu hafi brunnið burt. Forstofan er sögð talsvert brunnin, mest nyrst. Neðstu brunafjarlar í forstofunni eru við vegginn milli eldhúss og baðs og þar fyrir ofan hefur loftið brunnið í burtu. Ekki brann þó allt loft í forstofu burt. Loftið fyrir ofan baðið og hluta herbergis var einnig burt brunnið. Steinveggir í forstofunni svo og asbestklæðningin í loftinu og lokaðar útidyr töfðu að mati rannsóknara fyrir útbreiðslu eldsins og komu í veg fyrir, að húsið brynni allt til kaldra kola.

Rannsóknarar komast að þeirri niðurstöðu að um tvo eldsupptakastaði sé að ræða, annars vegar í forstofu í eða við kommóðu við norðurvegginn, vegginn milli eldhúss og baðs, og hins vegar í eldhússkápnunum undir vaskinum. Telja rannsóknarar engin tengsl á milli þessara tveggja eldsupptaka-

staða og engar líkur á að eldur hafi af sjálfsdádum færst á milli. Að mati rannsóknara er útilokað að eldurinn hafi kviknað af sjálfsdádum og einnig útiloka þeir að kviknað hafi í út frá rafmagni. Fullyrða þeir að um sé að ræða íkveikju af mannavöldum.

Rannsóknarar hafa lagt mat á það, hvort almannahætta hafi verið samfara brunanum. Segir í skýrslu þeirra að á 1. veðrétti íbúðarhússins hvíli 500.000 króna lán frá Lífeyrissjóði Norðurlands vestra, dags. 05.12. 1990, og fasteignin er brunatryggð fyrir 5.471.000 krónur. Telja rannsóknarar að um almannahættu hafi verið að ræða, þ.e. hættu á, að hagsmunir, sem bundnir eru við eignina, hefðu getað farið forgörðum. Þá telja rannsóknarar ekki hættu á því að hagsmunir utan eignarinnar hefðu getað farið forgörðum vegna eldsvoðans. Hins vegar er það mat þeirra, að öryggi íbúa þess svæðis sem slökkvilið Blönduóss þjónar, hafi verið verulega stefnt í voða, þar sem meiri hluti slökkviliðs var bundinn í ófærð utan þéttbýlis.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði umrætt sinn farið út í hesthús um kl. 14.00, og þegar þangað kom, hafi fennt mikið inn, og var hann lengi að moka út. Ákærði kvaðst ekki hafa nákvæmar tímasetningar en kvaðst hafa verið 3 til 5 tíma í hesthúsinu að hreinsa snjó og tað undan hrossum. Ákærði kvað rafmagnið hafa farið af hesthúsunum einhvern tíma, og fannst honum það ekki undarlegt en aftakaveður var.

Þegar ákærði kom heim, sennilega um kl. 18, kvaðst hann hafa opnað dyrnar og þá fundið mikið reykjarkóf koma á móti sér og kvaðst hann hafa gengið inn. Ákærði kvaðst hafa farið út aftur og þá gripið sjónvarp sem var fyrir innan dyrnar, og farið með það út og skellt hurðinni aftur. Ákærði kvaðst hafa farið með sjónvarpið út í bifreið sína og bakkað henni frá.

Ákærði kvaðst hafa farið aftur að húsinu og opnað og þá kvað ákærði að eldur hefði komið á móti sér. Ákærði kvaðst ekki hafa komist inn og kvaðst hafa lokað hurðinni aftur. Ákærði kvaðst hafa gert aðra tilraun til þess að komast inn, en það hafi ekki tekist.

Ákærði kvaðst hafa lagt af stað til bæja en kvaðst ekki hafa treyst sér langt sökum veðurs. Ákærði kvaðst hafa reynt aftur að komast inn, en það hafi ekki tekist fyrr en eftir nokkra stund.

Ákærði kvaðst hafa kastað snjó inn í „holið“, og eftir nokkurn tíma fór hann inn og fór upp á loft og kíkti þar inn, en kvaðst engan eld hafa séð. Ákærði kvað mikinn reyk hafa verið uppi. Ákærði kvað norðurenda loftsins óinnréttaðan, en hurð hafi verið á skilrúmi, sem ákærði kvaðst hafa opnað og séð reyk þar en enga glóð. Ákærði kvaðst síðan hafa farið beint út aftur.

Ákærði kvaðst ekki hafa gert fleiri tilraunir til að fara inn í húsið en loftplötur voru farnar að síga.

Ákærði kvaðst nú hafa farið að bænum Kornsa II, þegar ákærði treysti sér vegna veðurs, en veðri hafði þá slotað aðeins. Ákærði kveðst hafa sagt bóndanum þar að kviknað hefði í og taldi ákærði sig hafa slökkt allan eld. Ákærði kvaðst hafa þegið matarbita þarna og síðan farið með Sigurði Þorbjörnssyni að N.

Ákærði kvað, að Sigurður hefði opnað og var þá kominn upp eldur aftur. Hefði Sigurður þá lokað dyrunum og fóru þeir strax aftur og hringdu eftir aðstoð, en ákærði kvað það hafa verið í fyrsta sinn, sem slökkviliði var tilkynnt um eldinn.

Ákærði kvaðst telja, að kviknað hefði í út frá rafmagni.

Ákærði neitaði því að hafa kveikt í sjálfur.

Aðspurður, hvaða efni hefði verið í eldhússkápnnum, svaraði ákærði því til, að hann myndi það ekki, en taldi, að ýmis efni hefðu verið þar, sem eigandinn setti þangað. Ákærði kvaðst hafa sett bréfarusl í ruslakörfu.

Kvað ákærði, að á loftinu hefðu verið ýmis málningarefni, terpentína, málning o.fl.

Vitnið Ásta Sigurbjörg Magnúsdóttir, kt. 081029–3429, til heimilis að Húnabraut 22, Blönduósi, staðfesti, að það hefði oft þvegið þvotta af ákærða, þegar hann þurfti á að halda.

Vitnið Jón Hannesson, kt. 020627–3799, til heimilis að Húnabraut 22, Blönduósi, skýrði svo frá fyrir dómi, að það væri eigandi umræddrar jarðar.

Vitnið kvaðst hafa nokkrum dögum fyrir brunann verið að setja upp ramma úr furu í dyraop í eldhúsi, en eldhúss megin var klæðningin laus, en engin klæðning var komin upp forstofu megin. Vitnið kveðst hafa notað terpentínu, þynni og fleira við þetta, og kvaðst vitnið telja, að það hefði sett þessi efni í ruslaskápinn í eldhúsi.

Vitnið kvaðst vera búið að fá tryggingabætur að nokkru leyti en kvaðst eiga von á bótum eftir því sem endurbótum miðar.

Kvað vitnið, að tjónið hefði verið metið á 3,6 milljónir króna.

Vitnið kvað, að sett hefði verið upp rafleiðsla frá hitakúti í rafmagnstöflu, sem var uppi á lofti, fyrir 8 árum. Kvað vitnið, að fyrri ábúandi hefði tekið hitakútinn ásamt tengli og stóðu eftir þetta 2 rafmagnsvírar. Hitakúturinn stóð fast við vegginn, gagnstætt staðsetningu hitakútsins, sem er þar nú. Vitnið kvað, að umræddir tveir rafmagnsvírar hefðu staðið út úr veggnum inn á baðið og voru þeir notaðir til að hengja föt á þá. Vitnið taldi að straumur hefði verið á þessum vírum, en þeir lágu í rafmagnstöflu.

Vitnið kvaðst þeirrar skoðunar, að eldsupptök mætti rekja til umræddra víra.

Þá kvaðst vitnið telja mögulegt, að eldur hefði borist inn í eldhússkáp í gegnum leiðslur frá hitakúti sem liggja inn í eldhús.

Þá benti vitnið á, að bruni við kommóðu virtist koma ofan frá, frá umræddu dyraopi í eldhúsi.

Vitnið Bragi Sigurgeir Árnason, kt. 261250–2929, til heimilis að Urðarbraut 9, Blönduósi, slökkviliðsstjóri, skýrði svo frá fyrir dómi, að það kannaðist við að hafa unnið að slökkvistörfum að N 15. desember sl. Aðspurtt, hvornig eldur gæti kraumað svo lengi sem raun varð á, kvað vitnið mögulegt, að svo gæti farið, ef súrefni kæmist ekki að.

Vitnið kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir eldsupptökum, en taldi ekki ósennilegt, að þau hefðu orðið með þeim hætti sem rannsóknarar segja. Vitnið kvað mestan eld hafa verið í forstofu, við inngang á baðið og við herbergisvegg milli baðs og herbergis.

Vitnið kvað fyrstu slökkviaðgerðir hafa verið þær að reynt var að komast að framdyrum, en þeir hefðu gefist upp á því og þá brotið upp þrjá glugga á austurhlíð og sprautað vatni þar inn.

Vitnið kvað, að einhver eldur hefði verið í forstofu og eldhúsi, en hann var slökktur, eftir að þeir komust inn í húsið. Vitnið kvað, að einnig hefði verið dælt inn um eldhússgluggann.

Vitnið Sigurður Ingi Þorbjörnsson, kt. 301145–3499, til heimilis að Kornská II, V., skýrði svo frá fyrir dómi, að ákærði hefði umrætt sinn komið heim til vitnisins um kvöldmatarleytið og sagt, að kviknað hefði í. Kvað vitnið, að ákærði hefði talið sig búinn að slökkva eldinn. Vitnið kvað ákærða hafa verið gefið að borða, og fóru þeir síðan að líta á aðstæður. Kvað vitnið sig þá hafa séð að húsið var fullt af reyk og jafnframt kvaðst vitnið hafa séð, að glóð var inni á baðherbergi. Vitnið kvaðst hafa opnað útidyráhurðina en séð að allt var fullt af reyk, og því lokað strax aftur. Hafi þeir síðan kallað eftir aðstoð.

Vitnið Sigmundur Þórisson, kt. 300346–3759, til heimilis að Mýrarvegi 114, Akureyri, rafmagnsiðnfræðingur hjá Rafmagnseftirliti ríkisins, skýrði svo frá fyrir dómi, að það kannaðist við að hafa skoðað vettvang að N.

Vitnið kvaðst þeirrar skoðunar, að eldsupptök yrðu ekki rakin til rafmagns. Vitnið kvaðst þeirrar skoðunar, að eldsupptök hefðu verið þar, sem kommóða stóð, sökum þess að þar var mestur bruni, eða í forstofu.

Vitnið kvaðst ekki vilja fullyrða, að um íkveikju hefði verið að ræða.

Vitnið kvað lekastraumsrofa leysa út og venjulega valdi þeir ekki íkveikju. Vitnið kvað að mjög lítil neisti geti myndast þegar hann leysir út.

Vitnið kvaðst ekkert hafa fundið sem benti til skammhlaups og kvað

vitnið að öll öryggi hefðu verið inni. Vitnið kvað lekastraumsrofa ekki koma í veg fyrir bruna vegna skammhlaups. Vitnið kvað slæmar tengingar og hitamyndun milli fasa ekki leysa lekastraumsrofa út.

Vitnið kvað, að þau skilyrði gætu myndast, að kviknað gæti í út frá rafmagni, enda þótt lekastraumsrofi væri fyrir hendi. Vitnið kvaðst ekkert hafa séð, sem benti til þess, að svo hefði orðið.

Vitnið kvað, að miðað við brunuferla hefðu eldsuþtök verið á svæði, þar sem kommóða stóð.

Vitnið kvað allar raflagnir, sem það skoðaði, hafa verið sviðnar utan frá.

Vitnið kvað, að ef viðvarandi truflanir yrðu í sjónvarpi, þegar kveikt væri á rafmagnsrofa, væri eitthvað að, sem benti til slæms sambands í rofanum.

Vitnið kveðst ekki hafa haft rafmagnsteikningu undir höndum, þegar það skoðaði vettvang.

Vitnið Kristján Þorbjörnsson, kt. 100754–3639, til heimilis að Heiðarbraut 12, Blönduósi, yfirlögregluþjónn, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði verið sitt mat, þegar öll gögn lágu fyrir, að ákærði hefði sjálfur kveikt í, en vitnið kvaðst í fyrstu ekki hafa séð ástæðu til að ætla að svo hefði verið. Vitnið kvaðst ekki hafa farið á brunavettvang.

Vitnið Kristófer Sæmundsson, kt. 161258–2889, til heimilis að Heiðarbraut 5, Blönduósi, lögreglumaður, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði fljótlega fengið það álit, að um íkveikju hefði verið að ræða.

Vitnið kvaðst ekki hafa gengið á ákærða um það atriði.

Vitnið kvaðst hafa talað um að ekki logaði eldur í suðurhluta hússins og kvað vitnið, að talað hefði verið um það, áður en slökkvistörf hófust, að ná mætti einhverjum hlutum út um suðurgluggann. Vitninu fannst ákærði svara því einkennilega en hann taldi lítinn tilgang að bjarga hlutum úr húsinu ef ekki væri hægt að koma þeim í hús. Vitninu fannst ákærði ekki hafa mikinn vilja til að bjarga eignum sínum. Kvað vitnið þetta ástæðu þess að hann grunaði ákærða um verknaðinn.

Þá fannst vitninu líða óeðlilega langur tími þangað til ákærði leitaði aðstoðar.

Vitnið kvað, að grunur þess hefði staðfest, þegar inn var komið. Vitnið kvaðst engin tengsl hafa séð milli brunastaða í forstofu og eldhúsi. Vitnið kvað, að allt hefði bent til, að eldur hefði logað á tveimur aðskildum stöðum. Vitninu virtist eldur hafa logað í eldhússkáp og slokknad þar, en í forstofu virtist eldurinn hafa logað inni á baðherbergi og herbergi.

Vitnið kvaðst engin tengsl hafa séð milli þessara tveggja brunastaða. Vitnið mundi ekki eftir að hafa séð ummerki bruna í kverk í dyraopi í eldhúsi.

Vitnið kvaðst ekki geta sagt um það nákvæmlega hvar upptök eldsins

voru. Vitnið mundi ekki hvað bruninn náði langt inn eftir loftinu úr forstofunni í húsinu. Vitnið kvaðst ekki muna hversu mikið veggur milli forstofu og herbergis var bruninn.

Vitnið Gylfi Gylfason, kt. 280164–3999, rannsóknarlögreglumaður, skýrði svo frá fyrir dómi, að það kannaðist við að hafa skoðað brunavettvang ásamt Bjarna J. Bogasyni og gert skýrslu um niðurstöður athugana sinna.

Vitnið kvað ekki hafa verið tekin sýnishorn vegna málningarefnaengunar, en kvað græna málningu hafa fallið niður af lofti við brunann og gert öll sýni einskis nýt.

Vitnið kvaðst ekki geta svarað því, hvernig eldur hefði getað kraumað klukkutímum saman, en taldi ástæðuna hugsanlega geta verið þá, að ákærði hefði reynt að slökkva, en ekki tekist að slökkva alla glóð. Vitnið kvað ekki hægt að segja til um hvenær eldur kom upp.

Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um hvaðan brunaleifar framan við vaskinn komu, en hugsanlegt sé, að þær hafi fallið niður úr lofti eða að slökkviliðsmenn hafi sparkað leifum þangað við slökkvistörf. Vitnið kvað að sá hluti hurðalama, sem er úr plasti, hefði bráðnað og hurðir á eldhússinnréttingu fallið niður við það.

Vitnið kvaðst ekki hafa sérþekkingu til að svara því, hvaða áhrif klór getur haft á bruna.

Vitnið kvaðst ekki hafa kannað sérstaklega, hvernig þéttingar voru í kringum frárennslisrör við vask í eldhúsi.

Vitnið Ingibjörg Hafberg, kt. 290761–4099, til heimilis að Fannafold 76, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði verið ráðskona hjá ákærða að N frá miðjum ágúst í fyrra sumar til 6. nóvember sama ár. Vitnið kvaðst ekki telja, að það hefði verið í sambúð með ákærða, og sá því ekki ástæðu til að skorast undan vitnisburði í máli þessu.

Vitnið kvaðst hafa verið stadd á Snæringsstöðum 15. desember sl., þegar eldur kom upp á bænum N, og kvaðst því ekkert geta borið um ástæður brunans.

Vitnið kvað þvottavélina hafa verið í badherberginu við hliðina á hitakatlinum og kvaðst vitnið hafa notað framlengingarsnúru, sem það leiddi úr badherberginu í tengil fyrir ofan vask í eldhúsi. Vitnið kvaðst hafa tekið þessa snúru með sér að Snæringsstöðum, þegar það fór þangað. Vitnið kvaðst einnig hafa tekið sjónvarp sitt með sér, þegar það fór frá N. Vitnið kvað sjónvarpið hafa staðið við miðjan austurvegg stofunnar, meðan vitnið bjó þar. Vitnið kvað, að hitaketillinn hefði alltaf verið í sambandi, meðan vitnið bjó þarna. Vitnið kvaðst einnig hafa tekið þvottavél sína með sér er

það flutti. Vitnið kvaðst ekki hafa lent í vandræðum með þvottavél sína meðan það bjó á Snæringstöðum.

Dómarinn hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður.

Niðurstæða.

Ákærði hefur staðfastlega neitað að hafa kveikt í umræddu íbúðarhúsi og telur að eldsupptök megi rekja til rafmagns. Þegar gögn máls þessa eru virt, verður að telja nægilega upplýst að eldur hafi komið upp á tveimur stöðum, í skáp undir eldhússvaski og í forstofu, og verður ekki séð, að nein tengsl séu á milli þessara eldsupptakastaða. Þá verður ekki séð af gögnum málsins hvernig eldur hefði getað borist af sjálfsdáðum milli þessara staða. Þá hefur vettvangsrannsókn leitt í ljós, að eldsupptök verða ekki rakin til rafmagns, og hefur Sigmundur Þórisson rafmagnsiðnfræðingur staðfest þá niðurstöðu fyrir dómi. Ákærði bjó einn að N og umræddan dag var veður og færð með þeim hætti að harla ólíklegt má telja að aðrir hafi verið þar á ferð.

Þegar allt framanritað er virt þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru.

Það er mat dómsins að almannahætta hafi eigi stafað af bruna þessum og varðar brot ákærða því við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Við ákvörðun refsingar ákærða þykir mega líta til þess að hann gerði ráðstafanir til að slökkva eldinn og er sennilegt að án þessara aðgerða hans hefði húsið náð að brenna til kaldra kola.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði, en fullnustu 5 mánaða af refsivistinni þykir mega fresta og skal hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar hrl., 80.000 krónur.

Björn Helgason saksóknari flutti mál þetta af hálfu ákæruvalds.

D ó m s o r ð:

Ákærði, H, sæti fangelsi í 8 mánuði, en fullnustu 5 mánaða af refsivistinni skal fresta og skal hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar hrl., 80.000 krónur.
